

Samfélagsleg Ábyrgð Iðnafls

IÐNAFL | [Idnafl.is](https://idnafl.is)

Síðast uppfært: mars 2025

1 Umhverfisstefna

Iðnafl vill axla ábyrgð í umhverfismálum og minnka kolefnisspor sitt með því að starfa samkvæmt lögum og reglum. Við vinnum að því að lágmarka heildar umhverfisspor okkar og lágmarka orkunotkun með því að leita stöðugt leiða til að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar. Fyrirtækið leggur sitt af mörkum til að minnka umhverfisáhrif með því að móta verklag fyrirtækis með vistvernd í huga. Iðnafl hefur sett sér umhverfismarkmið og fylgist með árangrinum.

- Draga úr kolefnisspori rekstursins.
- Orkusparnaður.
- Lágmarka neikvæð áhrif á náttúru og umhverfi.
- Lágmarka úrgang, flokka og endurvinna.
- Fræða starfsfólk um stefnu fyrirtækisins og þeirra hlutverk við að framfylgja henni.
- Fylgjast með þróun á nýjungum sem nýtast til betri árangurs í umhverfismálum.

2 Gæðastefna

Við leggjum áherslu á að gæði og áreiðanleiki þjónustu grundvallist á öryggi og að uppfylla væntingar viðskiptavina fyrirtækisins. Með því að gera hlutina vel, leggja áherslu á gæði og lágmarka viðhaldspörf erum við að minnka umhverfisáhrif verkefnis sem og umhverfisáhrif á líftíma þess.

- *Gæðastjórnun og IST 30* - Gæðatrygging er skrifleg lýsing verktakans á áætluðu stjórnunarlegu verklagi hans við tiltekið verk. Þar á að vera að finna skilgreiningu á hlutverki og ábyrgð stjórnenda verksins, lýsingar á verkferlum og áætlanir sem þeir ætla að vinna eftir við undirbúning og rekstur verkefnisins ásamt sýnishornum af eyðublöðum og vottorðum.

Viðskiptavinir og hagsmunaaðilar - Starfsfólk leggi áherslu á virðingu og traust í samskiptum við viðskiptavini, hagsmunaaðila og sín á milli.

Starfsmenn - Unnið er markvisst að því að hækka þekkingarstig starfsmanna.

3 Mannréttindastefna

Við lítum svo á að hver einstaklingur sé jafnborinn til virðingar og réttinda. Félagið skuldbindur sig til að virða almenn mannréttindi í allri sinni starfsemi.

Það samræmist ekki stefnu okkar að vera í viðskiptum við aðila sem virða ekki almenn mannréttindi, tengjast barnaprælkun eða nauðungar- og þrælkunarvinnu af neinu tagi og skal félagið forðast að eiga í viðskiptum við slíka aðila eða við aðila sem fara ekki að lögum og reglum í starfsemi sinni að öðru leyti, svo sem varðandi kjaramál, skattgreiðslur, heilbrigðis- og hollustuhætti og umhverfismál.

4 Öryggis og heilbrigðisstefna

Öryggi, heilsa og vellíðan starfsfólks skiptir okkur máli og sér félagið til þess að starfsfólk fái góða vinnuaðstöðu og heilnæmt vinnuumhverfi.

Unnið er að öruggu vinnuumhverfi með því að:

- Skilgreina mælanleg öryggismarkmið, vakta árangur og miðla til starfsmanna.
- Greina hættur í starfsumhverfi (áhættumat) fyrir verkþætti á verkstöðum.
- Veita starfsmönnum þjálfun og upplýsa um niðurstöður áhættumats fyrir viðkomandi verkþátt.
- Greina slys, næstum slys og atvik og gera viðeigandi úrbætur.